

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 12. febrúar 2012
kl. 17:00

Vínarklassík upp á sitt besta



Einleikur á trompet:
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Stjórnandi:
Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

EFNISSKRÁ:

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791):

Forleikur að óperunni „Don Giovanni“
Allegro con brio

Johann Nepomuk Hummel (1778-1837):

Konsert fyrir trompet og hljómsveit
Allegro con spirito
Andante
Rondo

- HLÉ -

Josef Haydn (1732-1809):

Sinfónía nr. 85 í B-dúr, „La Reine“
Adagio – Vivace
Romance: Allegretto
Menuetto: Allegretto
Finale: Presto

UM HÖFUNDA OG TÓNVERK:

Vínarklassíkin. Einhver merkilegasta þróun í sögu mannsandans átti sér stað á seinni hluta átjándu aldar á tiltölulega litlum bletti í Mið-Evrópu og er gjarnan kennd við Vín. Á nokkurra áratuga tímabili voru þar samin ókjör af tónlist sem lifað hefur af gleymsku tímans og er enn flutt við gríðarlegar vinsældir. Þarna störfuðu tónskáld eins og Haydn, Mozart, Hummel, Schubert, Boccherini, Clementi, Salieri, Stamitz, CPE Bach, Beethoven, Gluck og Kuhlau. Og það sem meira er, þessir menn þekktust flestir, kenndu hver öðrum, voru vinir og kunningjar, stundum keppinautar. Sú andlega frjósemi sem þarna kom fram hefur orðið mörgum umhugsunarefni æ síðan. Á þessum tónleikum gefum við eins konar þverskurð af Vínarklassíkinni með því að leika verk eftir þrjú fyrsttöldu tónskáldin. Haydn var þeirra elstur og er gjarnan talinn einn af brautryðjendum þessarar tónlistarstefnu, með Mozart nær hún hæstum hæðum og í tónlist Hummels má merkja nýja tíma og byrjun rómantískra áhrifa. Allir voru þeir þremmingarnir vel þekktir og vinsælir tónlistarmenn á sínum tíma.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) var tvímælaust stjarnan í hópnum. Hann hóf feril sinn sem undrabarn í hljóðfæraleik en varð síðar þekktur af tónsmíðum sínum. Vinsældirnar átti hann sennilega mest að þakka óperum. Hverri nýrri óperu frá honum var beðið með óþreyju. Margar þeirra eru enn á efnisskrá óperuhúsa nútímans, sumar með þeim efstu á vinsældalistanum. Meðal þeirra er Don Giovanni, óperan um hinn unga, hrokafulla og lausláta kvennamann sem táldró, sveik og prettaði alla í kringum sig. Mozart lýsti óperunni sem gamanóperu, opera buffa, en gamanið er grátt í besta falli og endirinn svartur. Endirinn svartur er boðaður þegar í upphafshljómum forleiksins. Hér er greinilega ekki gaman á ferð.

Johann Nepomuk Hummel (1778-1837) var yngstur þeirra félagar sem hafa lagt til efni í þessa efnisskrá. Hann var dæmigerður Miðevrópubúi síns tíma, fæddist í Pressburg í Austuríska ríkinu sem heitir núna Bratislava og er í Slóvakíu. Segja má að hann hafi fæðst inn í Vínarklassíkina. Faðir hans var skólastjóri tónlistarskóla hersins í Vín og stjórnandi í leikhúsi Schikaneders þar sem Mozart frumflutti margar óperur sínar. Johann Nepomuk Hummel var undrabarn í tónlist og Mozart tók hann upp á sína arma og kenndi drengnum og fóstaraði. Faðir hans fór með drenginn til London þar sem þeir dvöldu í fjögur ár. Þar hitti hann Josef Haydn sem samdi fyrir hann píanósónötu. Eftir Lundúnadvölina stundaði hann nám í Vín, m.a. hjá Albrechtberger, Haydn og Salieri. Á sama tíma var Beethoven þar við nám og urðu þeir góðir vinir. Sú vinátta entist meðan báðir lifðu. Að ósk Beethovens lék Hummel tónverk af fingrum fram á minningartónleikum sem haldnir voru að honum látnum. Hummel varð einnig góður vinur Schuberts sem tileinkaði honum þrjár píanósónötur. Auk þess að vera með fremstu píanóleikurum síns tíma samdi Hummel fjölda tónverka. Hann samdi 8 píanókonserter, 10 píanósónötur, 22 óperur og söngleiki, og auk þess fjölda kammertónverka. Eitt frægasta verkið er trompetkonsertinn sem hér er fluttur. Hann var upphaflega saminn fyrir klappatrompet og var í E-dúr. Klappatrompetinn hafði göt á aðalröri hljóðfærirsins í stað ventla. Tónhæðinni var breytt með klöppum sem opnuðu eða lokuðu götunum, líkt og á tréblásturshljóðfærum nútímans. Nú á dögum er konsertinn fluttur á venjulegan ventlatrompet sem er Es-hljóðfæri og er tóntegundin því færð niður um hálf tón til þæginda. Þetta vefst stundum fyrir strengjaleikurum því formerkin verða á köflum óþarflega mörg. Til dæmis er hægi kaflinn í as-moll sem er skrifaður með 7 bé-um.

Josef Haydn (1732-1809) var elstur þeirra félagar og ef til vill sá sem setti mestan svip á þetta merkilega og frjósama tímabil tónlistarsögunnar. Stundum er talað um hann sem föður sínfóníunnar og strengjakvartettsins og víst er um það að hann mótaði sönötuformið sem var ríkjandi tónlistarform um langa hríð upp frá því. Lengst af ævi sinni þjónaði hann Eszterházy-fjölskyldunni á setri hennar sem var ekki í alfaraleið. Sjálfur notaði Haydn þetta sem heimatilbúna skýringu á andagift sinni, að hann hefði neyðst til að vera frumlegur. Hann samdi meira en 104 sínfóníur. Sex af þeim eru kenndar við París og er sú númer 85 ein af þeim. Hún er samin 1785-6 og var í sérstöku uppáhaldi hjá Maríu Antoinette, drottningu í Frakklandi. Af því hlaut hún uppfefnið „La Reine“ (Drottningin).

FLYTJENDUR:

Vilhjálmur Ingi Sigurðarson (f. 1980) er Akureyringur í húð og hár. Hann lærði á trompet við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og síðar við Tónlistarskóla Akureyrar. Hann lauk blásara- og einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2003. Aðalkennari hans var Ásgeir Hermann Steingrímsson. Vilhjálmur fór sama ár í framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Osló hjá Prófessor Jan Frederik Christiansen sem var 1. trompetleikari Fílharmoníusveitar Oslóar. Hann útskrifaðist með Cand. mag. gráðu vorið 2005. Vilhjálmur stundaði síðan Mastersnám við Sibelíusarakademiuna í Helsinki hjá prófessor Jouko Harjanne og Touko Lundell. Meðfram náminu í Helsinki lék hann m.a. með Óperuhljómsveitinni í Helsinki, sínfóníuhljómsveit skólans og fleiri kammerhópum. Vilhjálmur hefur spilað með fjölda hljómsveita og kammerhópa og hefur jafnframt reglulega komið fram sem einleikari. Hann var fulltrúi Íslands í keppni ungra, norræna einleikara árið 2004 í Osló þar sem keppendur voru frá öllum Norðurlöndunum. Af hljómsveitunum sem Vilhjálmur hefur spilað með má helst nefna Sínfóníuhljómsveit Íslands, þar sem hann er lausráðinn, Sínfóníuhljómsveit Norðurlands, Sínfóníuhljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og Sínfóníuhljómsveit æskunnar. Hann hefur einnig tvisvar tekið þátt í Óperustúdíói Austur-

lands og hefur sótt blásarasveitarnámskeið, m.a. til Danmerkur og Finnlands á vegum Nomu (Nordisk Musik Union). Vilhjálmur hefur starfað sem hljóðfærakennari frá árinu 1999 við Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónlistarskóla Eddu Borg og við Skólahljómsveit Vesturbæjar. Hann hefur starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 2008.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala
Guðmundsdóttir
Rós Pétursdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Andri Snær Ólafsson
Freyja Jónsdóttir
Árni Rúnar Inaba Kjartansson
Hrefna Guðmundsdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Jasmin Gut
Brynhildur Höskuldsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karolínudóttir

Trompet

Steinar Matthías Kristinnsson
Sóley Björk Einarsdóttir

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Brynjar Björnsson

Víóla

Páll E. Ingvarsson
Sölvi Karlsson
Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Eyrún Þóra Sigurjónsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða á nýjum stað, sjálfri Hörpu! Stefnt er að því að fylla Norðurljósasalinn tónum og áheyrendum sunnudaginn 25. mars klukkan 17. Á efnisskránni verður Konzertstück fyrir fjögur horn og hljómsveit eftir Schumann. Einleikarar verða úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Stefán Jón Bernharðsson, Emil Friðfinnsson, Anna Sigurbjörnsdóttir og Sturlaugur Björnsson. Einnig verður leikin Karelía-svíta eftir Síbelíus og Elegía fyrir strengi eftir Tsjakovskí. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2012.



Reykjavíkurborg

